



GERUM BETUR

Samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að arðbæru,
fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi bætir lífskjör allra



Ísland er í 25. sæti yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims
skv. IMD - rannsóknarstofnuninni um samkeppnishæfni


VIÐ GETUM GERT BETUR

10/10 MARKMIÐ: ÞRÓUN Í RÉTTA ÁTT

Fyrir ári síðan settu Samtök atvinnulífsins metnaðarfulla stefnu: Að Ísland verði á meðal 10 samkeppnishæfustu þjóða heims innan 10 ára. Frá því að markmiðið var sett hefur Ísland færst upp um fjögur sæti á lista IMD yfir samkeppnishæfni þjóða. Landið er því fjórum sætum ofar á listanum en það var árið 2013 og fimm sætum ofar en árið 2010.


Við eigum þó enn langt í land með að ná fyrri stöðu okkar en árin 2004 og 2005 var Ísland í fjórða sæti listans. Samanburður IMD tekur til 60 landa og eru það Bandaríkin, Sviss og Singapore sem leiða hann að þessu sinni. Okkar helstu samaburðarlönd, Norðurlöndin, eru öll fyrir ofan okkur.

Þróun Íslands í heildarsamanburði IMD (Heimild: IMD)




Bætt samkeppnishæfni stuðlar að aukinni fjölbreytni og arðsemi í íslensku atvinnulífi. Aukin samkeppni skapar aðhald og eykur hagvöxt. Hún er forsenda bættra lífskjara enda er sterk fylgni milli samkeppnishæfni þjóða og landsframleiðslu á hvern íbúa.

Lífskjör og samkeppnishæfni (Heimildir: IMD og Macrobond)




IMD metur samkeppnishæfni þjóða út frá fjórum meginþáttum sem samanstanda af fjölmörgum undirþáttum. Þessir meginþættir eru efnahagsleg frammistaða, skilvirkni hins opinbera, skilvirkni atvinnulífs og samfélagslegir innviðir. Ísland stendur nú betur í þremur meginþáttum af fjórum samanborið við árið 2010 en betur í þeim öllum ef miðað er við árið 2013.

Sæti Íslands í hverjum meginþátti (Heimild: IMD)




Í ljósi þess að styrkleikar Íslands í samanburði IMD felast að miklu leyti í sterkum innviðum hlýtur lakari staða landsins í þeim samanburði m.v. árið 2010 að teljast áhyggjuefni. Vissulega hafa á sama tíma orðið framfarir á sviði opinberra fjármála, verðbólgan hefur verið lág, dregið hefur úr atvinnuleysi og fleiri efnahagsstærðir hafa þróast til hins betra. Það kemur því ekki á óvart að Ísland hefur bætt sig mest í þeim samanburði er tekur til efnahagslegs stöðugleika og skilvirkni hins opinbera. Forskot Íslands í þáttum eins og menntun og heilbrigði hefur hins vegar minnkað á undanförunum árum.

Fjöldmörg tækifæri eru til umbóta fyrir Ísland sem er í grunninn menntuð þjóð með sterka innvið sem glímir enn við afleiðingar efnahagsáfalls. Margt hefur áunnist á undanförunum árum en annað hefur setið á hakanum. Mikilvægt er að áfram sé sótt fram á þeim sviðum þar sem vel hefur gengið og áfram fjárfest í innviðum auk þess sem að samkeppnishæfni atvinnulífisins sé tryggð. Höftin þarf að afnema, sýna þarf agaða hagstjórn og draga þarf úr skuldum ríkisins. Ef rétt er haldið á spilunum þá er það vel raunhæft að Ísland verði á meðal 10 samkeppnishæfustu þjóða á lista IMD árið 2023.



SAMSTILLT HAGSTJÓRN




Sjá nánar: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, 2013

Til að skapa betri lífskjör og auka kaupmátt heimilanna verður efnahagssumhverfið að vera stöðugt. Lítil verðbólga, lágir vextir og stöðugt gengi krónunnar auðvelda stjórnendum fyrirtækja að hugsa til lengri tíma. Þá aukast fjárfestingar, vöruþróun og nýsköpun eykst og markaðssókn eflist. Með elju og forsjálni auka fyrirtækin verðmætasköpun.

Samstillt hagstjórn, þar sem vinnumarkaður og opinber fjármál styðja við markmið peningastefnu, dregur úr sveiflum í gengi krónunnar og rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina verða stöðugri. Áhrifin verða jákvæð og margþætt. Íslendingar eru auðug þjóð. Tækifærin eru mörg og með skynsemi og ábyrgð í efnahagsmálum er unnt að leysa úr læðingi nýja krafta og enn fleiri tækifæri, sem geta skilað lífskjörum í fremstu röð.


1. Launahækkar umfram vöxt framleiðni valda verðbólgu.

Norðurlöndin: Árleg breyting að jafnaði á launum, verðlagi og kaupmætti
- frá 1990-2014 (Heimildir: Macrobond og útreikningar efnahagssviðs)




2. Opnber fjármál magna fremur en jafna hagsveiflur.

Framlag opinberra fjármála til hagstjórnar (%)
(Heimildir: Hagstofa Íslands og útreikningar efnahagssviðs)



3. Á endanum er það gengið sem lætur undan.

Breytingar í gengi ISK gagnvart USD - breyting á ársmeðaltölum
(Heimild: Seðlabanki Íslands)



Tillögur SA

Lagt er til að komið verði á fót sérstöku Þjóðhagsráði sem í eigi sæti oddvitar ríkisstjórnar á hverjum tíma, Seðlabankastjóri og forsvarsmenn aðila vinnumarkaðar. Ráðinu verði falið með lögum að fylgjast með þróun efnahagsstærða og bregðast við aðsteðjandi vanda. Þannig væri tryggt að mikilvægustu aðilar að hagstjórninni vinni að sömu markmiðum og axli sameiginlega ábyrgð á efnahagslegum stöðugleika.

Ráðið hafi á sínum snærum hagfræðinga sem leggi sjálfstætt mat á þróun og horfur í efnahagslífinu og vinni úttekt á þróun ríkisfjármála, efnahagslegum forsendum kjarasamninga og framkvæmd þeirra ásamt skilvirkni peningastefunnar.

Ráðið komi saman 3-4 sinnum á ári og leggi formlegt mat á stöðu efnahagsmála hverju sinni og geri tillögur um nauðsynleg viðbrögð og úrbætur.

Með þessu er brugðist við langvarandi efnahagslegum óstöðugleika sem er að mestu heimatilbúinn. Launabreytingar hafa yfirleitt ekki samrýmst verðstöðugleika, skort hefur aga í ríkisfjármálum og oftar en ekki hafa ríkisútgjöld magnað hagsveiflur. Seðlabankinn hefur síðan þurft að takast á við efnahagslegan veruleika með vaxtataekið eitt að vopni gegn verðbólgunni án skipulegs stuðnings vinnumarkaðar eða ríkisfjármála.

FARSÆLT AFNÁM HAFTA


Aðstæður til afnáms hafta geta vart verið betri. Engu að síður hefur afnámsferlið gengið hægar fyrir sig en vonir stóðu til og höftin frekar verið hert. Verkefnið er hins vegar ekki auðvelt en við afnám hafta þarf að huga að heildarmyndinni og tryggja að lausn snjóhengjunnar raski ekki efnahagslegum stöðugleika.

Fjármagnshöftum var komið á hér á landi fyrir rúmum sex árum til að hindra fjármagnsútlæði krónueigna innlendra og erlendra aðila og koma í veg fyrir frekara gengisfall krónunnar. Fjármagnshöftin fela í sér að fyrirtæki og einstaklingar geta ekki ráðstafað eignum sínum án hindrana.

AÐSTÆÐUR GETA VART VERIÐ BETRI

Hagvöxtur, vaxandi gjaldeyrissköpun og sjálfbær skuldastaða þjóðarþúsins er staðfesting efnahagsbata síðustu ára. Einnig hefur atvinnuleysið minnkað verulega, ríkissjóður er rekinn með afgangi, gengi krónunnar hefur haldist nokkuð stöðugt, verðbólgan hefur hjaðnað og afgangur er af viðskiptum við útlönd. Því blasir við að aðstæður til afnáms hafta geta vart verið betri. Engu að síður hefur afnámsferlið gengið hægar en vonir stóðu til og höftin hafa frekar verið hert.


Hagvöxtur og innlend eftirspurn - raunbreyting á þjóðarútgjöldum og landsframleiðslu (Heimildir: Hagstofa Íslands og útreikningar efnahagssviðs)



VAXANDI ÁHÆTTA LÍFEYRISSJÓÐA


Frá árinu 1997 fram að innleiðingu fjármagnshafta óx hlutdeild erlendra eigna í heildareignasafni sjóðanna sem þannig dreifðu áhættu af fjárfestingum sínum. Nú samsvara erlendar eignir lífeyrissjóðanna um 24% af hreinum eignum en voru áður hátt í 30%. Eignasöfn lífeyrissjóða hafa því orðið einsleitari og áhættan aukist og þeir eru orðnir óeðlilega bundnir innlendu hagkerfi. Þetta er óæskilegt.

Erlendar eignir lífeyrissjóða - sem hlutfall af hreinni eign (Heimild: Seðlabanki Íslands)



Hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóða - sem hlutfall af hreinum eignum

(Heimildir: Seðlabanki Íslands og útreikningar efnahagssviðs)



SNJÓHENGJAN: VERKEFNIÐ ER EKKI AUÐVELT

Hin svokallaða snjóhengja er nú talin vera um 1.000 milljarðar króna en hún endurspeglar vænt útlæði innlendra og erlendra fjármuna við losun hafta. Snjóhengjunni má skipta í þrjá hluta.


1. Krónueignir föllnu bankanna (þrotabúin) sem munu renna til erlendra kröfuhafa eru ríflega helmingur snjóhengjunnar eða tæplega fjórðungur af landsframleiðslu.
2. Kvikar krónueignir erlendra aðila (aflandskrónur) samsvara um 15% af landsframleiðslu. Gjaldeyrisútboð og aðrar aðgerðir Seðlabankans hafa losað um 370 ma.kr. í eigu ópolinmóðra erlendra fjárfesta. Eftir standa þolinmóðari erlendir fjárfestar og hugsanlegt er að hluti þeirra hafi áhuga á að fjárfesta áfram á Íslandi. Aflandskrónuvandinn er því að líkindum minni en opinberar tölur gefa tilefni til að ætla.
3. Innlendir aðilar, einkum lífeyrissjóðir, eru einnig hluti af snjóhengjuvandanum en ekki liggur fyrir hversu mikils útlæðis fjármuna megi vænta frá þeim. Árleg fjárfestingabörf íslenskra lífeyrissjóða er í kringum 7% af landsframleiðslu og má ætla að lífeyrissjóðir vilji ráðstafa a.m.k. 30% af þeirri upphæð til fjárfestinga erlendis. Með hverju ári vex því snjóhengjan. Mikilvægt er að hið fyrsta fái lífeyrissjóðir heimildir til að fjárfesta erlendis og að þeir geti hægt og bitandi byggt erlend eignasöfn upp á ný.

Við afnám hafta þarf að huga að heildarmyndinni,

1. Tryggja þarf að lausn snjóhengjunnar raski ekki efnahagslegum stöðugleika.
2. Tryggja þarf að innlendir og erlendir aðilar hafi tiltrú á afnámsferlinu og íslensku efnahagslífi.
3. Tryggja þarf að lífeyrissjóðir verði í forgangi í afnámsferlinu til að þeir geti byggt áfram upp eignir sínar á erlendum mörkuðum. Þjóðin eldist hratt og því brýnt að lífeyrissjóðir verði í stakk búnir til að fjármagna innflutta neyslu ellilífeyrisþega með erlendum eignum.¹

Krónuvandi í fjármagnshöftum - í mö.kr. vænt krónuútlæði við losun hafta

(Heimildir: Seðlabanki Íslands og útreikningar efnahagssviðs)



¹Sjá einnig kynningu Dr. Ásgeirs Jónssonar á ársfundi Landsambands lífeyrissjóða 2013.

MÓTUN NÝRRAR PENINGASTEFNU

Peningastefnan fyrir upptöku fjármagnshafta skilaði ekki þeim árangri sem vonast var til. Sjálfstæð peningastefna sem lítil áhrif hefur á vaxta- og eftirspurnarstig er vanmáttug. Þörf er á endurskoðun peningastefnunnar þannig að hún geti tekist á við opið hagkerfi.

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að halda árlegri verðbólgu í kringum 2,5%. Verðbólgan er nú innan vikmarka markmiðsins en mikilvægt er að hafa í huga að þessi árangur hefur náðst innan fjármagnshafta. Reynsla Íslendinga af baráttunni við verðbólgu við frjálst flæði fjármagns sýnir nauðsyn heildstæðrar endurskoðunar á umgjörð peningastefnunnar áður en fjármagnshöftin verða afnumin. Mikilvægt er að afnema þau hið fyrsta og vanda til verka vegna þess langtímaskaða sem af þeim hlýst.

PENINGASTEFNAN FYRIR HÖFT:



Frá upptöku verðbólgu markmiðs í ársbyrjun 2001 og fram að setningu fjármagnshafta árið 2008 var verðbólga nánast alltaf yfir markmiði. Þar var ekki eingöngu peningamálastjórn um að kenna heldur einnig því að ríkisfjármál og samningar á vinnumarkaði unnu gegn verðstöðugleika.

Veika miðlun peningastefnunnar sjálfrar mátti einkum rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi var trúverðugleiki peningastefnunnar lítill og gekk Seðlabankanum illa að hafa áhrif á verðbólguvæntingar. Í öðru lagi voru verðtryggð lán með föstum vöxtum ráðandi í langtímafjármögnun heimila og bit peningastefnunnar minna fyrir vikið. Í þriðja lagi jókst ásókn erlendra aðila í íslensk skuldabréf gegnum vaxtamunaviðskipti þegar stýrivextir hækkuðu um leið og innlendir aðilar, fyrirtæki og einstaklingar, sögðu sig frá peningastefnunni með stórfelldri erlendra lántöku vegna betri vaxtakjara á erlendum mörkuðum.

PENINGASTEFNA Í HÖFTUM:

Peningastefnan um þessar mundir markast af fjármagnshöftum. Virkum stjórn tækjum Seðlabankans hefur fjölgað en til viðbótar við vaxtataekið beitir Seðlabankinn nú einnig inngrípum á gjaldeyrismarkaði til að draga úr gengissveiflum.

Verðbólga hefur í þrettán mánuði samfleytt mælst undir verðbólgu markmiði og er það besti árangur peningastefnunnar frá upptöku verðbólgu markmiðs. Árangur innan hafta er þó ekki endilega ávísun á svipaðan árangur utan hafta. Miðlun og virkni peningastefnunnar er því meiri innan fjármagnshafta en utan þeirra.



PENINGASTEFNAN EFTIR HÖFT:

Peningastefnan fyrir upptöku fjármagnshafta skilaði ekki þeim árangri sem vonast var til. Sjálfstæð peningastefna með stjórn tækni, sem lítil áhrif hefur á vaxta- og eftirspurnarstig í hagkerfinu, er vanmáttug.

Tillögur SA

Samtök atvinnulífsins telja að þörf sé á endurskoðun peningastefnunnar þannig að hún geti tekist á við opið hagkerfi. Tillögurnar eru til þess fallnar að auka gagnsæi peningastefnunnar og tryggja að Seðlabankinn búi yfir þeim stjórnþækjum sem þarf til að styrkja miðlun og virkni peningastefnunnar¹.

1. Verðbólguþéttun-þús-þús

Seðlabankinn starfar í dag að verulegu leyti samkvæmt „verðbólguþéttun-þús-þús“ sem felst í að bankinn beiti inngrípum á gjalddeyrismarkaði til að jafna sveiflur krónunnar. Að auki hafa þjóðhagsvarúðartæki verið efl.

Samtökin telja að stíga þurfi viðbótarskref í umbótum á peningastefnunni sem felist í því að Seðlabankinn horfi í auknum mæli til þróunar raungengis og hafi heimild til að beita sér gegn ósjálfbærri hækkun raungengis. Þannig er unnt að sporna gegn verulegu ytra ójafnvægi sem leiðréttist að lokum með gengisfalli krónunnar.

2. Regluleg endurskoðun, aukin ábyrgð og gegnsæi

Regluleg endurskoðun peningastefnunnar er mikilvæg með aðkomu breiðs hóps sérfræðinga í stjórnslunni, aðila vinnurkaðar, alþjóðastofnana og fræðimanna. Markmiðið væri ekki aðeins að styrkja peningastefnuna heldur einnig að tryggja sátt og stuðning við framkvæmd stefnunnar, bæði frá vinnurkaði og hinu opinbera.

Aukin ábyrgð peningastefnunnar skapar aukinn trúverðugleika og styrkir miðlun peningastefnunnar. Æskilegt er að opnir fundir með efna-

hags- og viðskiptanefnd Alþingis verði tíðari. Reglulega eigi sér stað frammistöðumat seðlabankastjóra auk þess sem stuðst yrði við slíkt mat við ákvörðun um endurráðningu seðlabankastjóra.

Auka þarf gegnsæi peningastefnunnar með því að Seðlabankinn birti á ný eigin spá um stýrivaxtaferil. Reynslan fyrir hrun sýndi að Seðlabankinn hafði aukin áhrif á væntingar um langtímaþéttun og aukin umræða var um langtímaþéttun bankans í stað einstakra ákvarðana. Aukið gegnsæi styrkir miðlun peningastefnunnar.

Markmið með endurskoðun peningastefnunnar er að hún standi á traustari grunni en fyrir efnahagshrunið 2008. Tillögum eru ætlað að styrkja trúverðugleika, samstöðu og stuðning við peningastefnuna. Hins vegar verður að hafa í huga að íþyngjandi regluverk hefur neikvæðar afleiðingar á hagvöxt til langs tíma. Því þarf að stíga varlega til jarðar þegar kemur að frekari reglusetningu fjármálakerfisins. Seðlabankinn þarf jafnframt að forðast þau mistök sem gerð voru fyrir hrun og tryggja að gjalddeyrisforði á hverjum tíma samsvari skammtíma skuldbindingum þjóðarþéttun í erlendri mynt.

Heildstæð endurskoðun peningastefnunnar verður að haldast í hendur við almenna endurskoðun á hlutverki og ábyrgð hins opinbera og aðila vinnurkaðar í almennri hagstjórn.


¹ Sjá einnig tillögur Samráðsvettvangs um aukna hagsæld (2013)

BETRI ÁRANGUR Í FJÁRMÁLUM RÍKISINS

Ríkissjóður er skuldum hlaðinn og eru vaxtagjöld einn stærsti útgjaldaliður fjárlaga. Á sama tíma vaxa útgjöld ríkisins og hefur það sjaldan verið umsvifameira í íslensku hagkerfi. Snúa þarf af braut útgjaldavaxtar og hefja niðurgreiðslu ríkisskulda, ekki síst til að búa í haginn fyrir öldrun þjóðarinnar.

Staða ríkissjóðs er alvarleg. Skuldir hans nema nú ríflega 1.500 ma.kr. eða um 75% af vergri landsframleiðslu ársins 2014 og eru þá ótaldar ríflega 400 ma.kr. ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar. Þrátt fyrir alvarlega skuldastöðu ríkissjóðs virðist meginmarkmið stjórnvalda vera að skila hallalausum rekstri og að vaxa út úr skuldum frekar en að hefja niðurgreiðslu þeirra. Í ríkisfjármálaáætlun til ársins 2019 er gert ráð fyrir hverfandi afgangi af rekstri ríkissjóðs í hlutfalli við skuldirnar sem á honum hvíla. Gangi þjóðhagsspá áætlunarinnar eftir verður „núverandi tímabil eitt lengsta hagvaxtarskeið í seinni tíma hagsögu Íslands“. Mikla fyrirvara verður að setja við slíkar langtímaspár í ljósi reynslunnar. Tekjustofnar geta brugðist og vaxtakjör versnað, og það er óábyrgt að haga ríkisfjármálum eins og framtíðin sé þekkt. Mikilvægt er að ríkissjóður búi í haginn og verði viðbúinn áföllum þegar þau verða, í því samhengi er ekki spurning um hvort heldur hvenær.

Skuldir ríkissjóðs Íslands, án lífeyrisskuldbindinga - söguleg þróun og langtímaáætlun stjórnvalda (Heimild: Fjármálaráðuneytið)




¹ Miðað við fjárlagaárin 1997-2013 að frátöldu árinu 2008

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS NÁLGAST GJALDDAGA

Lögbundin iðgjöld til sjóðanna nægja ekki til að mæta áunnum réttindum og fer B-deild LSR að öðru óbreyttu í þrot árið 2027. Samkvæmt áætlun stjórnvalda þyrfti ríkissjóður þá að greiða til hans um 27 ma.kr. árlega til viðbótar 13 ma.kr. árlegum greiðslum vegna lífeyrishækkana eftirlaunaþega. Áætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir að aftur verði teknar upp inngreiðslur í B-deild LSR upp á 5 ma.kr. árlega til þess að seinka því að sjóðurinn tæmist. Þetta dugar ekki eitt og sér til að loka gati sjóðsins. Eðlilegra væri að endurmeta lífeyrisréttindin sjálf og færa þau nær réttindum starfsmanna á almennum markaði. Það væri í takt við aukið heilbrigði og lífslíkur sjóðsfélaga og gæti dregið verulega úr skuldbindingum ríkissjóðs, skattgreiðendum til heilla.

Þróun skulda ríkissjóðs- m.v. langtímaáætlun stjórnvalda 2015-2019 (ma.kr.) (Heimildir: Fjármálaráðuneytið og útreikningar efnahagsviðs)




RÍKISÚTGJÖLD AUKAST

Eyðsla umfram heimildir fjárlaga er venja í rekstri ríkissjóðs og eru endanleg útgjöld að jafnaði 10% meiri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi¹. Með sambærilegri umframeyðslu má gera ráð fyrir að endanleg útgjöld ríkisins verði um 34% af vergri landsframleiðslu árin 2014 og 2015 þegar ríkisreikningar liggja fyrir. Er það hærra hlutfall en nokkru sinni fyrir bankahrun og miðað við langtímaáætlunina stefnir í að ríkisútgjöldin verði í árslok 2019 hærra en að meðaltali 1995 - 2007.

Áætlanir og endanleg útgjöld ríkissjóðs - Meðaltal fyrri ára og niðurstaða m.v. sömu umframeyðslu


(Heimildir: Fjármálaráðuneytið og útreikningar efnahagsviðs)



Skuldir ríkissjóðs valda því að árið 2015 verða vaxtagjöld skv. fjárlögum þriðji stærsti útgjaldaliðurinn, ríflega 80 ma.kr. Það er svipuð upphæð og varið er samanlagt í löggæslu- og öryggismál, samgöngumál og aðra almenna opinbera þjónustu. Auðséð er að vaxtakostnaðurinn kemur niður á framlögum til annarra málaflokka og svigrúmi til að lækka álgögur á fólk og fyrirtæki.

Fjárlagafrumvarp 2015: Skipting útgjalda eftir málaflokkum (ma.kr.)


(Heimild: Fjármálaráðuneytið)



Þrátt fyrir mikinn vaxtakostnað hafa önnur útgjöld ríkisins lítið verið skorin niður. Einsskiptiskostnaður jók útgjöldin tímabundið eftir hrun. Helst var dregið úr fjárfestingum og viðhaldi. Sá sparnaður er einungis tímabundinn þar sem uppbygging og viðhald innviða samfélagsins mun krefjast aukinna framlaga úr ríkissjóði. Áætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir að opinber fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu verði áfram undir langtímaeðaltali


Fjárfesting ríkissjóðs - % af VLF

(Heimild: Fjármálaráðuneytið)



Frumútgjöld ríkissjóðs áætlun 2015-2019

- ma.kr., á verðlagi ársins 2015 (Heimild: Fjármálaráðuneytið)




næstu ár en að útgjöld án vaxtakostnaðar aukist til ársins 2019 árlega um 0,4% - 1,6% að raunvirði.

Afgangur í rekstri ríkissjóðs með útgjöld í hæstu hæðum er tilkominn með aukinni skattheimtu. Tekjur ríkissjóðs hafa aukist og útgjöldin með. Þetta er þýngjandi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hættan er sú að skattheimtan dragi úr getu atvinnulífsins til endurnýjunar, nýsköpunar og vilja til að ráða nýja starfsmenn. Það er ekki síður áhyggjuefni að öldrun þjóðarinnar mun kalla á aukin útgjöld til heilbrigðis- og velferðarmála auk þess sem hlutfall lífeyrisþega á hvern starfandi mun hækka með hærri lífaldri.

Tillögur SA

1. Uptaka útgjaldareglu

Trúverðug leið til að ná böndum á útgjöld ríkisins er að lögbinda útgjaldareglu. Fyrir þinginu liggur frumvarp um upptöku afkomu- og skuldareglu en slík fjármálaregla gengur ekki nægilega langt þar sem ekki er tekið á meginvanda opinberra fjármála. Með því að líta einungis til afkomu og skulda getur ríkissjóður enn þanist út með ósjálfbærum sveiflum í íslensku atvinnulífi. Reglurnar hefðu t.a.m. verið uppfylltar á árunum fyrir hrun þegar landsframleiðsla jókst hratt og skatttekjur ríkisins voru óvenju miklar. Útgjaldaregla myndi hins vegar binda árlegan nafnvöxt opinberra útgjalda og þvinga stjórnvöld til að halda sig innan þess ramma sem settur er.



2. Forgangsröðun og eftirfylgni

Útgjaldaregla skapar ramma fyrir sjálfbær ríkisfjármál og eykur fyrir-sjáanleika án þess að taka til þess hvernig fjármunum er úthlutað. Samhliða útgjaldareglu er nauðsynlegt að stjórnvöld setji markvissar áætlanir um forgangsröðun útgjalda. Áætlanir um útgjöld ríkissjóðs verða að vera varfærnar og skapa svigrúm til að lækka skuldir og bregðast við áföllum.

Forgangsröðun verður að taka mið af eftirfarandi:


- Miklar skuldir ríkissjóðs gera hann útsettarari fyrir breytingum á vaxtastigi, samdrætti skatttekna og óvæntum kostnaði.

- Ríkið þarf að auka fjárfestingar sínar á ný til að vinna upp afskriftir og uppsafnaða fjárfestingarþörf.
- Útgjöld til heilbrigðismála munu vaxa á komandi árum samhliða öldrun þjóðarinnar auk þess sem að færri verða starfandi á vinnumarkaði í hlutfalli við lífeyrisþega.
- Ríkissjóður verður að greiða inn á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar áður en að sjóðirnir fara í þrot, endurmeta lífeyrisréttindi eða að öðrum kosti að standa undir lífeyrisgreiðslum þegar eignir þeirra verða uppnar.


Almenn aukning útgjalda ríkissjóðs án þess að tekið sé á ofangreindum atriðum er óaþyrg stefna og verður erfiðara að bregðast við áskorunum í ríkisfjármálum með önnur útgjöld í hæstu hæðum.

Fylgja verður áætlunum. Reynslan sýnir að nánast undantekningarlaust er eytt umfram lagaheimildir fjárlaga. Slíkt agaleysi eyðileggur áætlanagerð og dregur úr trúverðugleika. Án eftirfylgni er til lítils að setja fram metnaðarfullar áætlanir.

Umframkeyrsla ríkisútgjalda á þensluárunum - meðaltal á árunum 2004-2007, Fjárlög =100 (Heimildir: Fjármálaráðuneytið og útreikningar efnahagsvíðs)



Umframkeyrsla ríkisútgjalda eftir hrun - meðaltal á árunum 2009-2013, Fjárlög =100 (Heimildir: Fjármálaráðuneytið og útreikningar efnahagsvíðs)




3. Selja verður fleiri eignir

Ríkisreksturinn verður ekki sjálfbær nema skuldir lækki og því þarf að ráðast í frekari eignasölu til að grynka á skuldunum. Annars verður vaxtakostnaður ríkisins áfram sligandi þannig að hvorki skapast svigrúm til að styrkja rekstur ríkisstofnanna né létta skattbyrði af heimilum og fyrirtækjum.

Áform um eignasölu í langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar eru ekki nægilega róttæk. Á næstu fjórum árum er gert er ráð fyrir sölu á 30% eignarhlut í Landsbankanum og endurgreiðslu á 60 ma.kr. af gjaldeyrisforða Seðlabankans, samanlagt um 130 ma.kr., sem svarar til tæplega 10% af skuldum ríkissjóðs.

Fleiri leiðir eru færar. Eignarhlutur ríkissjóðs í fjármálastofnunum í fyrra nam u.þ.b. 280 ma.kr. og hlutur hans í Landsvirkjun um 200 ma.kr. miðað við bókfært virði. Þar að auki er gjaldeyrisforðinn um 530 ma.kr. og að mestu tekinn að láni. Sala eða endurgreiðsla á þessum eignum að hluta eða öllu leyti myndi minnka vaxtabyrði ríkissjóðs til muna.

Skuldir ríkissjóðs, án lífeyrisskuldbindinga og vænt eignasala (í mö.kr.)
(Heimildir: Fjármálaráðuneytið og Hagstofa Íslands)




VINNUMARKAÐURINN ER HORNSTEINN HAGSTJÓRNAR

Umbætur að norrænni fyrirmynd forsenda stöðugleika

Samningar um kaup og kjör skipta mjög miklu um þróun efnahagsmála. Laun eru um 60% af allri verðmætasköpun í landinu. Launahækkarnir umfram aukningu verðmæta leiða því undantekningalítið til verðbólgu.

Þetta sýnir reynslan en á undanförunum tveimur áratugum hafa laun hér á landi hækkað tvisvar til þrisvar sinnum meira en í nágrannalöndunum og verðbólga verið að sama skapi hærri. Aukin verðmætasköpun og aukin afköst eru lykillinn að auknum kaupmætti.



Kjarasamningar hafa ekki stuðlað að auknum stöðugleika heldur grafið undan honum. Kjarasamningar sem byggt hafa á hófsömum launahækkunum hafa aðeins náðst stöku sinnum og þá byggt á samstilltu átaki aðila. Samstaðan hefur oftast en ekki brostið um leið og árangurinn kemur í ljós og við hefur tekið hefðbundnið höfrungahlaup þar sem einstakir hópar á vinnumarkaði hafa tekist á um sína hlutdeild í kógunni.

Mikilvægt er að umgjörð kjarasamninga stuðli að auknum kaupmætti launa á grundvelli stöðugs verðlags. Á Norðurlöndum hefur kjarasamningum verið mótuð slík umgjörð með vinnulöggjöf og samningum milli helstu aðila á vinnumarkaði. Leikreglurnar valda því að smærri aðilar sem standa utan sambanda hafa ekki svigrúm til þess að fara eigin leiðir.

Í Danmörku er byggt á formlegu samkomulagi heildarsamtaka launafólks, samtökum atvinnurekenda og stjórnvalda. Útflutningsgreinarnar gefa tóninn um launabreytingar með kjarasamningum sem samrýmast samkeppnisstöðu þeirra. Aðrar atvinnugreinar eða starfsgreinar á almennum vinnumarkaði semja svo á sömu nótum. Náist ekki samkomulag innan tiltekins tíma gefur ríkissáttasemjari ákveðinn frest til samninga, ella gildi miðlunartillaga hans um ógerða samninga. Kjaraviðræður aðila á opinberum vinnumarkaði eru yfirleitt ári síðar og taka sömuleiðis mið af fordæmi útflutningsgreinanna. Jafnframt er opinberum starfsmönnum tryggt sama launaskrið og starfsmönnum á almennum vinnumarkaði.


Þannig verður launaþróun á vinnumarkaðnum í innbyrðis jafnvægi þegar næsta lota hefst. Sambærilegar reglur gilda í Noregi og ríkissáttasemjara í Svíþjóð er óheimilt að stuðla að niðurstöðu umfram launabreytingar í útflutningsiðnaði.

Myndin hér að neðan lýsir þessari hringrás norræna vinnumarkaðslíkansins ágætlega:



Þessu er ekki svona farið hér á landi. Yfirleitt er umtalsvert ójafnvægi í launaþróun m.a. vegna mikilla áhrifa launaskriðs einstakra hópa. Fordæmi frá almennum vinnumarkaði er ekki alltaf virt í kjarasamningum opinberra starfsmanna og oftast en ekki notað sem upphafspunktur í kröfugerðum smærri hópa. Þannig verður til ójafnvægi milli og við gerð kjarasamninga fer mikill tími í að kortleggja hlutfallslega stöðu einstakra hópa. Þetta er öfugt við það sem gerist á öðrum Norðurlöndum þar sem jafnvægi er ekki raskað frá því fyrstu samningar eru gerðir í hverri lotu þar til þeir eru endurnýjaðir.

Ríkissáttasemjari hefur ekki þau úrræði sem sáttasemjari í Danmörku hefur til að tengja hópa saman eða fresta aðgerðum. Svipaðar heimildir eru einnig fyrir hendi hjá ríkissáttasemjurum í Noregi, í Svíþjóð og í Danmörku og er mikilvægur þáttur í stöðugleika á vinnumarkaði í þessum löndum.



Tillögur SA

Nauðsynlegt er að ráðast í umbætur á vinnumarkaðnum sem taki mið af Norðurlöndunum. Án þess verður ekki unnt að tryggja efnahagslegan stöðugleika til lengri tíma lítið.

Slíkar umbætur verða að byggja á samkomulagi aðila og því hafa Samtök atvinnulífsins talað fyrir því að gert verði sérstakt rammasamkomulag um gerð kjarasamninga:

1. Samið verði innan efnahagslegs svigrúms og með hliðsjón af samkeppnisstöðu útflutningsgreina hverju sinni.
2. Aðrir hópar á almennum og opinberum vinnumarkaði skuldbindi sig til að vinna innan þessa efnahagslega svigrúms.
3. Fastlaunahópum á almennum og opinberum vinnumarkaði sé tryggð jafnstaða á við markaðslaunahópa með tengingu við launaskrið á vinnumarkaði.
4. Embætti ríkissáttasemjara verði eftt og skerpt á efnahagslegri ábyrgð þess við úrlausn kjaradeilna.

EINFALDARA EFTIRLIT

Ekkert lát er á stríðum straumi stjórnvaldsfyrirmæla. Í stjórnartíðindum birtast, á hverjum degi, alla daga ársins að jafnaði fjórar nýjar reglugerðir, lög, reglur, gjaldskrár og önnur fyrirmæli sem stjórnvöld þurfa að koma á framfæri við fólk í landinu. Frá aldamótum er fjöldi birtinga orðinn um 20 þúsund. Engin leið er að nokkur maður geti fylgst með þessu flóði sem meðal annars markar rekstrarumhverfi fyrirtækjanna.

Síðan koma stofnanir og eftirlitsmenn á þeirra vegum og segja fyrirtækjunum til um smæstu atriði sem eiga að tryggja velferð og öryggi. Í mörgum tilvikum er um að ræða túlkun á reglum sem getur verið vafasöm en sjaldnast láta fyrirtækin á það reyna hvort kröfurnar séu lögmæt. Enginn vill fá eftirlitsstofnanirnar upp á móti sér.

TRYGGINGAGJÖLD ALDREI HÆRRI

Áætlað er að tryggingagjöld sem lögð eru á laun til að standa undir ýmsum kostnaði ríkisins verði rúmlega 80 milljarðar króna að raungildi árið 2015 og hafi aldrei verið hærra. Stöðugt streyma frá ríkinu tillögur um nýja skatta og álögur á fyrirtæki og almenning í landinu. Frá því síðastliðið haust hafa birst áform um fjölda skatta og hefur Alþingi þegar samþykkt einhverja þeirra en aðrir bíða samþykktar. Með tillögu um flutning netöryggisveitar frá Póst- og fjarskiptastofnun til lögregluþyrvalda fylgdi tillaga um nýtt netöryggisgjald. Frumvarp um nýjan orkuskipti til að jafna orkukostnað er til umfjöllunar. Fiskistofa á að innheimta ný gjöld til að standa undir þjónustu sem fyrirtækin hafa þegar greitt fyrir með veiðigjaldi. Ætlunin er að framvegis verði þjóðskráin fjármögnuð með sérstökum skatti. Lögð hafa verið fram frumvörp um stóruaukar gjaldtöku- og eftirlitsheimildir Samgöngustofu. Einnig má í þessu samhengi nefna náttúrupassann sem er til umræðu á Alþingi. Og umhverfis- og auðlindaráðherra vill leggja á nýjan vatnsskatt.

HÁSKATTAHEYJA

Þótt jákvætt sé að vörugjöld hafi verið aflögð og veiðigjöld lækkuð þá er Ísland háskattaland. Nauðsynlegt er að fylgja ákveðinni stefnu til að lækka skatta og auka svigrúm einstaklinga og fyrirtækja til að auka umsvif sín,

fjárfestingar, nýsköpun, vöruþróun og efla markaðssókn. Það skilar sér líka í auknum tekjum ríkis og sveitarfélaga.

Góð fyrirheit mátti finna í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hún „...beiti sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.“ Því miður hefur ekki mikið borið á þessu í framkvæmd.

HAGRÆÐING OG ÁBYRG FYRIRTÆKI

Lengi hefur verið kallað eftir sameiningu og hagræðingu hjá þeim stofnunum sem sinna eftirliti í fyrirtækjum og sameina eftirlitsstarfsemi í sem fæstum stofnunum. Æskilegt er að skilja að eftirlitsverkefni og almenna stjórnsýslustarfsemi hins opinbera. Eins og nú háttar koma eftirlitsmenn frá mörgum stofnunum, hver á fætur öðrum, til fyrirtækjanna; verkefni þeirra skarast, kröfurnar geta verið misjafnar eftir landshlutum og tví- og þríverknaður þekkist.

Dæmi um hagræðingu er að sameina 10 heilbrigðiseftirlitsumdæmi í eina stofnun sem sinni eftirliti fyrir mörg ráðuneyti. Með því er að auki komið í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggt samræmt eftirlit um allt land og leyfum fækkað. Nýtt heilbrigðiseftirlit tæki yfir eftirlitsstarfsemi Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar og einnig stærsta hlutann af beinum eftirlitsverkefnum Fiskistofu, Neytendastofu, Mannvirkjastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Það sinni einnig öllu markaðseftirliti sem nú er sinnt af ofangreindum stofnunum. Ný eftirlitsstofnun fengi þau úrræði sem nauðsynleg eru til að framfylgja kröfum og legði áherslu á að eftirlit yrði áhættumiðað, aukin rafræn samskipti og beitti úrtaksskoðunum. Þar sem kröfur eru ekki uppfylltar yrði eftirlit aukði.

Dregið yrði úr leyfisveitingum og nægilegt í flestum tilvikum að tilkynna um nýja starfsemi til yfirvalda sem jafnframt yrði yfirlýsing um að viðkomandi hafi kynnt sér og uppfyllt allar kröfur sem til starfseminnar eru gerðar.

Viðurkennt yrði að það eru fyrirtækin sem bera ábyrgð á eigin rekstri og það er þeirra hagur að starfa í samræmi við lög og reglur. Ekki yrði dregið úr efnislegum kröfum eða öryggi almennings heldur leitast við að samræma kröfur, einfalda eftirlit, draga úr kostnaði og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Annað dæmi um hagræðingu eftirlitsstarfseminnar sem stjórnvöld eru að kanna og æskilegt að verði að veruleika er sameining Póst- og fjarskiptastofnunar, Samkeppniseftirlitsins, Fjölmíðlanefndar og orkueftirlits.

Eftirlit með lyftum, vinnuvélum og ýmsum tæknibúnaði mætti færa til fag-
giltra skoðanastofa á sama hátt og bifreiðaskoðun.


RÉTTINDI FYRIRTÆKJA OG RANNSÓKN MÁLA

Það þarf að setja lög um réttindi fyrirtækja við rannsókn mála. Þannig verði meginreglan sú að tekin séu afrit af gögnum í stað gagnanna sjálfra, að fulltrúar fyrirtækja fái að vera viðstaddir þegar gögn séu skoðuð, að við rannsókn sé miðað við leit að tilteknu sakarefni en ekki farið í almennar veiðiferðir og að settar verði almennar reglur um vettvangsrannsóknir eftirlitsstofnana. Einnig er brýn þörf á almennum reglum um heimildir eftirlitsstofnana til að beita dagsektum og stjórnvaldssektum.

10 heilbrigðiseftirlitsumdæmi sameinuð í eina stofnun

Heilbrigðiseftirlitssvæði

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK)
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER)
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HKJ)
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HVL)
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF)
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV)
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)
Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL)
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES)



= Heilbrigðiseftirlit Íslands

Nýtt heilbrigðiseftirlit annist eftirlit fyrir:

Matvælastofnun
Umhverfisstofnun
Fiskistofu
Neytendastofu
Mannvirkjastofnun
Vinnueftirlitið



SAMKEPPNISHÆFUSTU ÞJÓÐIR HEIMS

1. Bandaríkin
 2. Sviss
 3. Singapúr
 4. Hong Kong
 5. Svíþjóð
 6. Þýskaland
 7. Kanada
 8. Sameinuðu arabísku furstadæmin
 9. Danmörk
 10. Noregur
-

11. Lúxemborg
 12. Malasía
 13. Tævan
 14. Holland
 15. Írland
 16. Bretland
 17. Ástralía
 18. Finnland
 19. Katar
 20. Nýja Sjáland
-

21. Japan
 22. Austurríki
 23. Kína
 24. Ísrael
 25. Ísland
 26. Suður-Kórea
 27. Frakkland
 28. Belgía
 29. Tæland
 30. Eistland
-

Heimild: IMD

Hvað getur þú gert betur?

10/10: LEIÐIR TIL BETRI LÍFSKJARA

- TILLAGA #1 FARSÆLT AFNÁM GJALDEYRISHAFTA
 - TILLAGA #2 MÓTUN NÝRRAR PENINGASTEFNU
 - TILLAGA #3 BETRI ÁRANGUR Í FJÁRMÁLUM HINS OPINBERA
 - TILLAGA #4 LÆKKUN SKATTA OG ÚTGJALDA RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA
 - TILLAGA #5 LÆKKUN FJÁRMAGNSKOSTNAÐAR
 - TILLAGA #6 BETRA REKSTRARUMHVERFI
 - TILLAGA #7 AUKIN FRAMLEIÐNI Í MENNTAKERFINU
 - TILLAGA #8 AUKIÐ VÆGI EINKAREKSTURS
 - TILLAGA #9 BETRI UMGJÖRÐ KJARASAMNINGA
 - TILLAGA #10 AUKIN SAMKEPPNI Í LANDBÚNAÐI
-

Kynntu þér tillögurnar á www.sa.is



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Borgartúni 35 | 105 Reykjavík | Sími 591 0000 | Netfang sa@sa.is | www.sa.is